# Leikskólinn Reynisholt

# 2024 – 2025



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans ........ 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ........ 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 ........ 5

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025 ........ 6

4 Innra mat deilda 2023-2024 ........ 8

5 Innra mat sérkennslu ........ 12

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn ........ 13

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ........ 15

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ........ 15

8 Foreldrasamvinna ........ 17

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ........ 18

10 Fylgiskjöl ........ 19

10.1 Umbótaáætlun Bjartalundar 2024-2025 ........ 19

10.2 Umbótaáætlun Geislalundar 2024-2025 ........ 20

10.3 Umbótaáætlun Sunnulundar 2024-2025 ........ 21

10.4 Umbótaáætlun Stjörnulundar 2024-2025 ........ 22

11 Umsögn foreldraráðs ........ 23

## Leiðarljós leikskólans

Lífsleikninám með sérstaka áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt, útikennslu og bernskulæsi.

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn í Reynisholti hefur verið góður, við höfum stöðugan hóp starfsfólks sem er frjótt í hugsun og viljugt til að prufa nýjar leiðir til þess að ná til barnahópsins sem er mjög fjölbreyttur. Í vetur var áhersla lögð áhersla á sköpun og hvernig hægt væri að efla sköpunar gleði barnanna í leikskólastarfinu. Óhætt er að segja að unnið hafi verið með þá áherslu á fjölbreyttan hátt. Yngri deildar tóku sérstaklega upplifun og gáfu börnum ríkuleg tækifæri til að uppgötva ólíkan efnivið, ljós og skugga, mála á bumbunni, vatn og snjó. Áhugi eldri barnanna í sköpun kom fram á mjög fjölbreyttan hátt, í smíðum á bátum, í leikritum, söng og ímyndunarleikjum. Eins gerðu öll börnin sína eigin öskudagsbúninga. Gaman var að sjá hvernig starfsmenn og börn leyfðu hugmyndum sem komu upp í leik að þróast áfram í verkum sem bæði voru áþreifanleg en líka óáþreifanleg. Áþreifanlegu verkin voru sýnd á nokkrum dögum yfir skólaárið þegar foreldrar og aðstandendur barnanna komu í heimsókn. Óáþreifanlegu verkin reyndu starfsmenn leikskólans festa á mynd eða í orð í skráningu en erfitt getur verið að grípa slíkar stundir.

Það er óhætt að segja að við erum á góðri leið með að innleiða hluta af þeim breytingum sem gerðar voru á aðalnámskrá leikskólans, þar sem börnin fá rými í leikskólastarfinu til sköpunar með fjölbreyttum námsaðferðum og þar sem leikur barna er í forgrunni. Þessi vinna mun halda áfram á næsta skólaári þar sem áhersla næsta skólaárs verður á valdeflingu barna. Í þeirri vinnu munum við reyna að vinna að því að gera barnið að virkum þátttakanda í leikskólastarfinu, ásamt því að efla starfsfólk í að hlusta og leitast eftir rödd barnsins.

Á síðustu tveimur vetrum hafa verið framkvæmdir í gangi á lóð leikskólans og búin var hluti lóðarinnar lagaður sérstaklega fyrir yngstu börn leikskólans. Lundurinn, afgirt svæði fyrir neðan leikskólalóðina, var lagfærður og leikskólalóðin almennt tekin í gegn. Við, starfsfólk leikskólans, og börnin erum afskaplega ánægð með allar þessar breytingar. Eins hefur ræktun í gróðurhúsinu verið að þróast og gaman er að sjá börnin úti á lóð að bragða á graslauk og salati úr gróðurhúsinu. Í vetur hafa framkvæmdir hafist innan hús og nú þegar er búið er að gera talsverðar breytingar á kaffiaðstöðu starfsfólks. Sal leikskólans var lokað og setja á upp hljóðdempandi plötur í salinn og í júní 2024 hófust framkvæmdir á norðurhluta leikskólans, yngstu deildinni og sérkennslurýminu. Setja á hita í gólfin þar og loftræsti stokka í loftið. Þetta á án efa eftir að bæta vinnuaðstöðuna í því rými til muna.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna sýndu að ánægja með vinnuskilyrðin í leikskólanum lækkuðu á milli ára. En það er von mín að með þeim framkvæmdum sem hafa verið og eru í gangi í húsinu eigi eftir að skila hækkun á þeim þætti aftur.

Liður í viðhorfskönnuninni tengt samskiptum á vinnustöðum kom lægri en hjá öðrum leikskólum. Eins kom starfsandi ívið lægri út hjá okkur en hjá öðrum leikskólum Reykjavíkurborgar. Á sama tíma sýndi könnunin að starfsmönnum Reynisholts komi vel saman við samstarfsfólk sitt. Starfsmenn voru einnig almennt ánægðir með starfsstaðinn, vinnustaðarmenninguna og eru stoltir af vinnustaðnum sínum. Við höfum verið að reyna að vinna í þessum samskipta þætti með því að búa til samskiptasáttmála

Reynisholts og er þeirri vinnu nú lokið og hann formlega kominn í gagnið. Farin hefur verið sú leið að fá starfsfólk til að kvitta undir og samþykkja hann í fyrsta viðtali og er unnið í því að fá alla til að samþykkja og kvitta undir. Eins höfum við rætt opinskátt um þessa þætti á skipulagsdögum skólans og bindum vonir við að þessi þáttur eigi eftir að styrkjast

Viðhorfskönnunin sýndi einnig að upplýsingaflæðið innan skólans mætti vera betra til að bæta úr þessu var tekin upp sú nýjung að hafa google docs skjal í öllum ipödum deildanna þar sem var hægt að setja upp daginn og koma mikilvægum upplýsingum á framfæri. Starfsfólk er hvatt til að kíkja oft á dag líkt og í Völuna og geta allir skrifað skilaboð þarna inni. Einnig var starfsmannahandbókin tekin í gegn, uppfærð og sett upp á nýtt. Þegar hún var tilbúin var einnig gerð google sites síða fyrir handbókina svo auðvelt væri að uppfæra hana og hún væri aðgengileg í ipödunum og hægt að lesa kafla og kafla. Er þetta einnig hluti af móttöku nýliða sem hefur verið til endurskoðunar síðastliðið ár.

Að öðru úr leikskólastarfinu má nefna að leikskólinn er þátttakandi í þróunarverkefni á vegum Háskóla Íslands tengt undirbúningstíma í leikskólum ásamt fimm leikskólum úr Hafnarfirði og fjórum öðrum leikskólum úr Reykjavík. Verkefnið snýst um að kortleggja í hvað undirbúningstími starfsfólks í leikskólunum fer og hvernig hægt er að skipuleggja hann. Áhugavert verður að halda áfram þátttöku í þessu verkefni og fá að taka þátt í kynningu á afrakstri hennar.

Einnig erum við vonandi að fá að flagga Grænfánanum aftur í haust en umhverfisteymið vann ötullega að því að fá hann aftur og hefur nú skilað inn skýrslu þess efnis.

# 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

## Innra mat

| Hvað var metið? | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Foreldrakaffi - Send var út könnun sem varðaði tíðni, tímasetningu og útfærslu. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Foreldrar barnanna |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Almenn ánægja var með tíðni og tímasetningar. Flestir kusu síðdegiskaffi á föstudögum. Tvær athugasemdir komu varðandi veitingar og verk til sýnis sem við tókum til greina og bættum úr fyrir síðasta foreldrakaffi vetrarins.<br>Áætlað er að fá börnin meira inn í skipulag og undirbúning foreldrakaffi næsta vetur. |

Að auki var símat á öllum viðburðum vetrarins og á umhverfisþætti leikskólans í tengslum við Grænfánaumsókn. Þar voru starfsmenn í lykilhlutverki.

## Ytra mat

| Hvað var metið? | |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Rýnt í viðhorfskönnun starfsmanna og niðurstöður þeirrar könnunar kynnt fyrir starfsmönnum. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsmenn leikskólans |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Almennt er leikskólinn að koma ágætlega út í samanburði við aðra leikskóla. Leikskólinn skorar hátt í þáttum tengt ímynd, jafnrétti og stjórnun. En tækifæri til umbóta eru í þáttum eins og vinnuskilyrðum og starfsanda. |

# 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

| Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-innra mat | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Uppeldis og menntastarf/leikskólabragur<br>Mannauður<br>Stjórnun/uppeldis og menntastarf |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Valdefling barna<br>Ný móttökuáætlun<br>Ný námskrá |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Skipuleggja starf leikskólans með valdeflingu barna að leiðarljósi. Deildarstjórar og starfsfólk finnur leiðir sem henta hverjum aldri fyrir sig. Fundir þar sem rætt er þvert á húsið hvaða breytingar er hægt að gera. Gefa rödd barnanna meira rými í mati leikskólans og finna leiðir til að gera þau að þáttakendum þar.<br>Endurskoða móttökuáætlun og gera breytingar í takt við nýja starfsmannahandbók.<br>Innleiða nýja kafla Aðalnámskrár leikskóla og endurskoða skólanámskrá út frá þeim. Haldnir fundir þar sem þessir tveir þættir verða sérstaklega skoðar ásamt því að endurskoða fyrri kafla með þær breytingar í huga. Skipulagsdagur í október fer í þá vinnu. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar<br>Aðstoðarleikskólastjóri<br>Stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst – maí<br>Ágúst – desember<br>Ágúst - desember |

| | |
|---|---|
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Matsaðferðir eru fundargerðir, könnun meðal starfsfólks, rýnihópur með börnum.<br>Í samtali við deildarstjóra og nýtt starfsfólk og starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar.<br>Umræður á starfsmannafundum og ný námskrá. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að rödd barnanna verði meira áberandi í starfinu. Að breytingar hafi átt sér stað inn á deildum sem stuðla að aukinni þáttöku barna og sjálfstæði.<br>Hærra gildi í starfsmannakönnun í móttöku nýliða.<br>Ný námskrá sem endurspeglar nýjar áherslur aðalnámskrár. |

# 4 Innra mat deilda 2023-2024

## 4.1 Innra mat Bjartalundar

Veturinn 2023 – 2024 dvöldu 16 börn á Bjartalundi, 5 fædd fædd 2021 og 11 fædd 2022. Sami kjarni var á deildinni, Sólveig, Anna og Karólína, fyrir utan deildarstjóraskipti um áramót þar sem IngaRut fór í aðstoðarleikskólastjórastöðu og Jóna Hrund hóf störf. Hún var að ljúka náminu og var Arna Ösp ráðin sem afleysing. Aðlögun gekk ágætlega og var deildin sest í byrjun nóvember.

Sjálfstæði barnanna fékk að blómstra og vellíðan þeirra sett í forgang, en allaf var miðað við aldur og þroska barnanna í hvert skipti. Æfing í fataklefa gekk mjög vel og voru mörg börn orðin ansi sjálfstæð þar, eins voru þau dugleg að klæða sig sjálf í og úr fyrir og eftir hvíld. Eins gekk börnunum vel að tileinka sé TMT og voru dugleg að nota táknin og þá sérstaklega eitt tákn sem hjálpaði mikið og það er „að skiptast á“ með þessu tákni fækkuðum við árekstrum milli barnanna. Starfsfólk var fljótt að grípa tækifærið þegar börnin komu með hugmyndir, hlusta á þær og vinna áfram verkefni út frá þeirra áhuga.

Ekki náðist markmiðið að efla skráningar á leik en umræðan um þroska og leik barna var haldið á lofti og starfsfólk var mikið til staðar og fylgdist og studdi vel við leikinn. Einnig voru unnar skráningar í könnunarleiknum sem nýttust í foreldraviðtölunum. Hvert barn fékk að meðatali 2 stundir á mánuði.

Börnin fengu ríkuleg tækifæri til að skynja og upplifa efnivið á ólíkan hátt. Fyrir áramót máluðum við á bleyjunni sem gekk vel og börnin voru áhugasöm. Þau léku á frjálsan hátt með pappír, hrísgrjón, snjó, froðu og vatn. Börnin gerðu einnig sína eigin öskudagsbúninga þar sem þau máluðu og skreyttu boli.

Lubbi finnur málbein gekk vel, börnin fengu bókatösku með sér heim sem innihélt bækur, lubba bangsa og verkefni í lífsleikninámínu. Börnin unnu með fyrstu sex málhljóðin og unnu fjölbreytt verkefni. Bókalestur var áberandi og börnin sóttust í að fá lestur og lesa bækur sjálf.

Lífsleikninámið gekk vel og fastar jógastundir voru eftir áramót. Öndunar- og slökunaræfingar voru fléttaðar inn í daglegt starf í samverustundum, í leik og við matarborðið.

Næsta vetur ætlum við að einblína á lýðræði barnanna og leyfa þeim að hafa enn meiri áhrif á eigið nám með því að bjóða upp á val og hafa þjón sem fær að leggja á borð, ná í matinn ásamt því að segja hinum börnunum hvað er er í matinn með táknum og bjóða þeim að matarborði. Við munum einnig leggja áherslu á læsi og tákn með tali og hvetja þannig börnin til samræðna og að leggja inn orð og setja orð á allar athafnir. Kennarar eru hvattir til að vera virkir og styðjandi í starfi með börnum. Börn hvött til sjálfstæðis og valdelfd enn meira eins og klæða sig sjálf og æfa sig að fara á kopp og klósett. Deildin verður eldri á næsta ári og því þarft að aðlaga starfið að þeim aldri.

## 4.2 Innra mat Geislalundar

Veturinn 2023–2024 voru 18 börn á Geislalundi, 8 börn fædd árið 2020 og 10 börn fædd árið 2021. Stöðugildi voru 4. Að hausti voru börn aðlöguð milli deilda og starfsfólk fylgdi börnunum til aðstoðar. Aðlögun gekk vel, við gáfum okkur rúman tíma og var deildin nokkuð fljót að setjast. Þar sem ekki reyndist unnt að skipta samverustundum reyndist oft erfitt að ná áhuga allra yngstu barnanna þar.

Mikið hefur verið unnið með tákn með tali, fyrir áramót var áhersla lögð á tákn tengd matartímanum. Eftir áramót hélt það áfram, auk þess var bætt við táknum tengd leiknum. Sett var upp nýtt tákn vikulega.

Á vegg voru kveikjur frá Blæ, jóga, Lubba og TMT. Gaman hefur verið að fylgjast með börnunum skoða, ræða og tileinka sér aðferðirnar sem kynntar voru myndrænt, t.d. samskipti milli barna á myndum eða jógastöður.

Frjálsi leikurinn fékk mikið rými og innan hans skapast mörg tækifæri fyrir innlögn orða, samskipti, samvinnu og áherslur leikskólans, t.d. vinsamlega snertingu, jóga og læsi í aðstæður.

Lögð var áhersla á sköpun. Unnið var með þemu tengd skynjun, ljós og skugga, vatn, eldgos, snerting o.fl. Börnin útbjuggu öskudagsbúninga, þau komu með hugmyndir að því hvað þau vildu vera og bjuggu sér til búning.

Föst verkefni voru sjálfsmyndir að hausti og vori, fjölskyldumynd, jólagjafir til foreldra, gróðursetning og útinám að vori. Einnig hefur áhugi barnanna verið gripinn hverju sinni, þar kom Greppikló, sagan að Gýpu, Alla Nalla og tunglið og fleira.

Umbótaþættir okkar í vetur voru fjórir, að leggja meiri áherslu á TMT, valdefla börnin, sköpun og málörvun. Vel hefur gengið að leggja inn TMT á deildinni, unnið markvisst með það og stefnt að því að halda því áfram. Við teljum okkur hafa gert töluvert varðandi valdeflingu barna, t.d. í fataklefanum og með notkun TMT sem hefur hjálpað börnunum að tjá vilja sinn og vera skiljanleg. Við unnum vel og mikið með sköpun, börnin eru mjög virk í leik og nýta sér fjölbreytt leikefni. Fyrri hluta veturs var meiri áhersla á skipulögð verkefni í sköpun, það er skynjun og öskudagsbúningar. Samverustundir gengu vel og má sjá miklar framfarir frá því í haust, mikill munur var á áhuga, þroska, skilning og eirð barnanna. Yngstu börnin eiga þó oft erfitt með að sitja kyrr og halda einbeitingu svo stuttar samverustundir þar sem efnið grípur börnin skiptir máli. Unnið var með öndun, hugleiðslu og jóga í flæði, í samverustundum, fyrir matartíma og í kyrrðarstundum. Sjá má sýnilegan árangur hjá börnunum varðandi aukinn málþroska og þau börn sem fóri í EVI sýndu mælanlegar framfarir. Lítið rými var til skráninga á leik en starfsfólk tók margar myndir og gerði skráningar um verkefni barnanna, sem og mikil ígrundun meðal starfsmanna um börnin og samskipti þeirra þegar rými var til.

## 4.3 Innra mat Sunnulundar

Skólaárið 2023-2024 voru 23 börn á deildinni: 18 fædd 2020 og 4 fædd 2019. 7 kennarar/starfsmenn unnu á deildinni í misjöfnu starfshlutfalli. Að auki var einn sérkennari á deildinni sem sá um stuðning við tvö börn deildarinnar.

Markmið ársins voru 1) samskipti og sjálfsstjórn, 2) sköpun og einbeiting og 3) vísindi og náttúra.
Fyrir samskipti og sjálfsstjórnun lögðum við áherslu á að börnin lærðu að koma orði á tilfinningar sínar, þekkja þær og orða þær við aðra. Við ræddum hvernig tilfinningar geta verið mismunandi og hvernig við getum hlustað á þær. Við æfðum líka hugleiðslutækni og jóga til að auka líkamlega og andlega meðvitund.
Fyrir sköpun var stærsta verkefnið öskudagsbúningurinn. Við unnum að því að búa til okkar eigin persónur, með ímyndun barnanna, með því að setja orð á hugmyndirnar og vinna búninga sjálf í höndunum. Börnin voru hvött til sköpunar á margvíslegan hátt í daglegu starfi, sem dæmi með sögum, dansi og leikjum.
Í könnun okkar á vísindum og náttúru tókum við þátt í tilraunum með seglum og bættum við færni þeirra með því að lesa uppskriftir og fara eftir leiðbeiningum, t.d. við að búa til leir. Við ýttum undir forvitni með því að hvetja til spurninga og athugana um umhverfi okkar ásamt því að gróðursetja ýmis fræ og fylgjast með vexti mismunandi plantna.
Önnur markmið sem við unnum að voru læsi (bókasafnsferðir, lestur bóka, lestur laga úr myndum, frásagnir og lög), stærðfræðilæsi (telja og tengja tölur við magn), fínhreyfingar (leir, klippa, lita á línur, perla), grófhreyfingar (göngur, klifur, útivist, dans), lýðræðisleg hugsun (virk hlustun, miðla reglum, deila og hlusta á skoðanir, greiða atkvæði í ákvörðunartöku), og jákvæðan skilning á fjölbreytileika (við töluðum jákvætt um tungumál, húðlit, mismunur og líkindi nefnd án þess að dæma og greina).
Hópurinn sýndi sterk tengsl bæði sín á milli og við kennarana og sýndi seiglu í ýmsum aðstæðum og breytingum sem voru á árinu s.s. þá kennara sem voru að sinna þeim. Leikhóparnir voru ólíkir en aðlögunarhæfni góð, sem gerði börnunum kleift að velja leiki og eiga góð samskipti sína á milli.
Til að taka enn betur á þeim stuðningi sem til dæmis tvítynd börn þurftu á deildinni hefði þurft meiri stuðning frá verkefnastjóra málörvunar. Þegar sérkennari var fjarverandi vegna veikinda, var enginn staðgengill í boði, sem leiddi til þess að nemendur sem áttu rétt á stuðningi fengu hann ekki. Þrátt fyrir þessar áskoranir náðu góður hópur kennara og starfsmanna deildarinnar með samstilltu átaki að ná settum markmiðum.
Fyrir næsta skólaár munum við leggja áherslu á lýðræði og mannréttindi, samstjórnun og læsi.

## 4.4 Innra mat Stjörnulundar

Veturinn 2023–2024 voru 24 börn á Stjörnundi, 14 börn fædd 2018 og 10 börn 2019. Á deildinni voru 5 fastir starfsmenn og einn starfmaðurinn leysti af undirbúning starfsmanna. Veturinn einkenndist af breytingum og veikinda starfsmanna sem var leyst með að færa starfsmenn milli deilda eða breyting á undirbúningstíma starfsmanna. Við erum ennþá að aðlaga starfsemina að styttingu vinnuvikunar, en það er full stytting hjá starfsmönnum. Við lögðum áherslu á hópastarf, kyrrðastundir, læsi, útinám, tilfinningalæsi og samskipti barna í leik. Elstu börnin fóru í skólaheimsóknir 1 x í mánuði , ásamt því að fara á fótboltaæfingu á vegum Fram í leikfimissal Sæmundarskóla einu sinni í viku.

Í kyrrðastundunum var lögð áhersla á jóga-og snertistundir, stærðfræði, tilfiningalæsi/vináttuþjálfun og lestur. Í jógastundunum var lögð áhersla á vinsamlega snertingu, öndun og jógastöður. Það var námskeið á starfsdegi frá Hugarfrelsi sem starfsmenn nýttu sér vel í starf með börnunum. Í vináttuþjálfunn var lögð áhersla tilfinningar, hvernig við tölum hvort við annað og setja mörk hvort við annað.
Hópastarf einkenndist af umræðum og verkefnum sem ýttu undir hugmyndarflug og sköpun með verðlaus efni. Börnin höfðu mikinn áhuga á leiklist, söng og dans og myndaðist mikil umræða um hljómsveitir, leikhús og tónlist og höfðu börnin gaman að búa til atriði og sýna hvort öðru. Einnig bjuggu þau til sokkabrúður sem þau léku sér með í frjálsum leik. Í umhverfismennt var umræða og verkefni tengt hvernig við hugsum vel um umhverfið okkar og er stefnt að fá Grænfánann, einnig vorum við dugleg að rækta í bambahúsinu og út í garði. Elstu börnin sátu í umhverfisráði barna í leikskólanum.
Sumarstarf elstubarn einkennist að ferðum og verkefnum úti í náttúrunni.
Næsta vetur ætlum við að leggja áherslu á valdeflingu barna, hvernig þau geta haft áhrif á umhverfið sitt ásamt læsi, orðaskilning og útinámi.

# 5 Innra mat sérkennslu

**Mat á sérkennslu 2023-2024**

| | |
|---|---|
| **Skipulagning sérkennslu**<br>Hvernig var sérkennslan skipulögð;<br>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?<br>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?<br>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?<br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Fyrir áramót var ein staða í sérkennslu ásamt verkefnastjóra málörvunar og sérkennslustjóra. Verkefnastjóri málörvunnar datt fljótt út í veikindaleyfi og ekki var ráðið í þá stöðu út veturinn.<br>Eftir áramót var breyting á sérkennslu í Reykjavík en ekki náðist að ráða inn auk þess sem stuðningur datt út í veikindaleyfi. Börnin sem þurftu stuðning voru hluti af hópnum og tóku fullan þátt í starfi þeirrar deildar sem þau voru á. Starfsmenn deilda tóku að sér sértæka málörvun og störfuðu eftir einstaklingsnámskrá þeirra sem höfðu slíkt. Deildarstjórar báru ábyrgð á þeirri eftirfylgni. |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | Öll börn þreyttu Efi-II og Hljóm-2 eftir aldri. Aeps þroskalistinn, íslenski smábarnalistinn og íslenski þroskalistinn voru nýtt eftir þörfum. Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn var nýttur með einu barni. |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | Tákn með tali spil, fjölbreyttar kennsluaðferðir heimasíðan var mikið notuð fyrir málörvun, alls konar málörvunarspil, Lærum og leikum með hljóðin og Orðagull var vinsælt í Ipödunum.<br>Á leikskólanum er til mikið námsefni sem starfsfólk hefur búið til og miðlar sín á milli. Það er því gott aðgengi að þroskandi verkefnum og auðvelt að sjá hvaða þætti er verið að efla með hverju verkefni. |

**Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025**

| **Allur leikskólinn** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Stjórnun og uppeldis og menntastarf. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að sérkennslan sé afmörkuð og ekki reiknuð sem hluti af deildinni til að forðast að starfsfólk sérkennslunar sé tekið í afleysingar. |

| | |
|---|---|
| | Að fleiri geti gripið inn í sérkennslu og stutt við börnin í stað þess að einn aðili beri ábyrgð. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Að búa til sérdeild þar sem sérkennslustjóri í samráði við deildarstjóra skipuleggur stuðning og fræðslu fyrir hvert barn. |
| **Ábyrgð** | Sérkennslustjóri – Linda Rós |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2024 – júní 2025 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Viðtöl við deildarstjóra.<br>Skráningar á stundum og stuðningi og hversu vel tókst til. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að þau börn sem það þurfa fái inngrip fyrr og meiri stuðning. Að stuðningur haldi sér og sé ekki nýttur í afleysingu. Að deildarstjórar upplifi meiri stuðning við börnin í starfi deildarinnar. |

# 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

**Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024**

| | |
|---|---|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað? | Það fjármagn fer í verkefnastjórastöðu sem nýtist í málörvun í litlum hópum. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10? | Gefðu 10 er nýtt með þeim börnum sem það þurfa hverju sinni. Ríkulega er unnið með daglegan orðaforða í öllu starfi. Verkefnastjóri hefur komið með áskoranir inn á deildar og útvegað námsefni til að örva og nýta í litlum hópum. |
| Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)? | Já |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, *Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla*, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað? | Hæfniramminn var nýttur fyrir eitt barn síðastliðin vetur. Verkefnastjóri heldur utan um framfarir með skráningum í vinnustundum. |
| Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, varðandi málþroska og | Já markvisst er unnið með málörvun í daglegu starfi og leik, skipulagðar stundir, |

| | |
|---|---|
| virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Lubbi finnur málbein er unnið markvisst með á öllum deildum, loðtöflusögur, félagsfærnisögur, bókalestur, hljóðkerfisvitundarverkefni í samverustundum og margt fleira. Læsi er rauður þráður gegnum allt starf leikskólans. |

## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

| Deild/aldur barna | Öll tvítyngd börn leikskólans |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Uppeldis og menntastarf og innra mat |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að fylla út hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn sem eru fjöltyngd. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Deildarstjórar bera ábyrgð á að fylla út að hausti og endurmeta í janúar og maí. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2024 – maí 2025 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Listarnir sjálfir gefa til kynna hversu vel nýttir þeir voru. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að listarnir hafi verið útfylltir fyrir alla og hafi verið leiðarljós í að meta árangur barns og hvar þarf auka inngrip. |

# 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á skipulagsdögum í vetur hefur verið lögð rík áhersla á efni tengt sköpun og áherslum leikskólans, umhverfismennt, læsi og lífleikni. Starfsmenn fengu fræðslu frá Kristínu Hildi um sköpun í leikskóla. Í október fengum við kennslu í skyndihjálp. Í mars fengum við Hugarfrelsi til okkar þar fékk starfsfólk leikskólans kennslu í notkun á einföldum aðferðum til að kenna öndun, jóga, slökun og hugleiðslu. Framhald verður á þeirri kennslu á næstu önn frá Hugarfrelsi. Starfsmenn fengu fræðslu um líkamsbeitingu og sálfélagslegt vinnuumhverfi.

Á starfsmannafundi í janúar fengum við fyrirlestur frá starfsmanni skólans um Tákn með tali (TMT) og starfsmenn fengu tækifæri til að skoða og nota þann efnivið sem til er í skólanum tengt málörvun.

